

Drög að ályktun um íslenskan lánamarkað

Að undanfögnu hafa orðið jákvæðar breytingar á íslenskum fjármálamarkaði. Vextir hafa færst nær því sem gerst hefur í nágrannalöndunum og boðið er upp á fjölbreyttari lánaform en áður. Þrátt fyrir þessa þróun er ljóst að til lengri tíma búa Íslendingar við allt annað og hærra vaxtastig en er í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Ársfundur ASÍ fagnar þessari þróun en krefst þess að áfram verði stigin markviss skref á allra næstu árum í að færa íslensk lánakjör að því sem gerist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Í því ljósi telur ársfundurinn mikilvægt að skoðað verði hvort lítið íslenskt myntsvæði og óstöðugt efnahagslíf standi í vegi fyrir lækkun vaxta til lengri tíma.